

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2017
UST201612-149/H.P.
04.03

Efni: Þingmannatillaga um að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis til Umhverfisstofnunar dags. 16. desember sl. varðandi umsögn um þingmannatillögu frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs um að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum (málsnúmer: 16-00286-2).

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna. Stofnunin óskar einnig eftir að fá að taka þátt í áframhaldandi umræðu og ákvarðanatöku tengda tillögunni.

- Varðandi fyrstu tilmæli þingmanna um *að innleiða norrænt bann við örplasti í bæði snyrtivörum og plastpokum úr ólífbrjótanlegu efni sem eru undir 50 mikronum að þykkt og rúma minna en 10 lítra* telur stofnunin eðlilegt að þeim sé skipt upp í tvenn tilmæli, annars vegar að innleiða norrænt bann við örplasti í snyrtivörum og hins vegar að innleiða norrænt bann við notkun á þunnum, litlum plastpokum úr ólífbrjótanlegu efni. Verkefnin eru í eðli sínu ólík og því eðlilegt að setja þau fram í tvennu lagi. Einnig telur stofnunin að vanda mætti orðalag tilmælanna betur því núverandi orðalag gefi til kynna að örplast í plastpokum verði bannað, í stað þess að þunnir, litlir plastpokar verði bannaðir. Athugasemdirnar hér á eftir miðast við að um sé að ræða tvenn aðskilin tilmæli.
- Varðandi *bann við örplasti í snyrtivörum* leggur Umhverfisstofnun áherslu á að slíku banni verði komið við eins fljótt og hægt er. Fordæmi fyrir slíku er að finna í Bandaríkjjunum eins og segir í þingmannatillöggunni og eins mun Frakkland innleiða síkt bann í janúar 2018. Engin nauðsynleg ástæða er fyrir notkun örplasts í snyrtivörum og því liggur beinast við að hætta notkun þess. Varðandi mikilvægi þess að *skoða möguleikana á að draga úr úrgangi sem stafar frá örplasti í bildekkjum* vill stofnunin benda á að skoða þurfi vinnu Staðlasamtaka Evrópusambandsins er varða gæðastaðal fyrir hjólbarða og fyrir vörur sem framleiddar eru úr notuðum dekkjum. Stofnunin telur að áhersla eigi að vera á umhverfisvænni framleiðslu dekkja almennt, í stað þess að vinna með málefnið einungis innan ramma norræna umhverfismerkisins. Umhverfisstofnun telur þó mögulegt að umhverfismerknið Svanurinn fari á undan með góðu fordæmi og hvetji þannig aðra til að vinna að auknum gæðum við hjólbarðaframleiðslu.
- Varðandi *bann við plastpokum úr ólífbrjótanlegu efni* styður stofnunin að slíkt bann verði lagt á í áföngum og að áhersla verði á litla, þunna poka. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur lagt upp með að draga eigi úr notkun einnota burðarplastpoka í samræmi við tilskipun 2015/720/EB með að markmiði að notkunin verði ekki meiri en 40 pokar á íbúa árið 2025. Við

það má bæta að ráðuneytið hefur lagt mikla áherslu á að draga eigi almennt úr notkun á einnota burðarpokum sama úr hvaða efni þeir eru. Umhverfisstofnun finnur fyrir miklum áhuga á þessu verkefni í samféluginu og hjá kaupmönnum og telur líklegt að þetta markmið gangi eftir mun fyrr en gert er ráð fyrir í tilskipuninni. Umhverfisstofnun telur ekki tímabært að banna algjörlega notkun á burðarpokum úr plasti á meðan umhverfisáhrif burðarpoka sem koma eiga í staðinn liggja ekki fyrir að öllu leyti.

4. Varðandi önnur tilmæli þingmannanna, um að *skapa hvata að því að hætta notkun annarra plastpoka fyrir heildsölù og bjóða neytendum aðra sjálfbæra valkostí*, vill stofnunin fyrst taka fram að Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur samþykkt 14 aðgerða áætlun um hvernig megi draga úr notkun einnota burðarpoka sem þegar er unnið eftir og verður ýmsum stjórntækjum beitt í þeim tilgangi, meðal annars hagrænum hvötum. Í takti við þær áherslur sem þar eru settar fram telur stofnunin að aðgerðin ætti að snúast um að *draga úr notkun* frekar en að *hætta notkun*. Leggja ætti áherslu á að upplýsa heildsölur og neytendur um umhverfisáhrif einnota burðarpoka og að ekki eigi að flytja eina einnota notkun yfir á aðra, s.s. á burðarpoka úr pappír, bómull eða öðrum efnum. Varðandi hagræna hvata þá stendur til að hækka gjald á einnota burðarplastpoka og hvetja þannig neytendur til að nota marginota poka. Umhverfisstofnun vill einnig hvetja til þess að verkefnið verði skoðað í stærra samhengi og nái yfir allar einnota umbúðir. Á því sviði þyrfti einnig að skoða hagræna hvata, t.d. að lækka opinberar álögur á umbúðir úr lífbrjótanlegum efnum.
5. Varðandi tilmæli þingmannanna um að *Leggja til bann við þunnum og litlum plastpokum við hin Eystrasaltsríkin* telur Umhverfisstofnun ekkert því til fyrirstöðu að eiga samtal við önnur ríki um að draga almennt úr notkun á burðarplastpokum. Stofnunin eins og áður, bendir þó á að þörf er á því að tala um einnota burðarplastpoka í stærra samhengi og þá að draga eigi úr allri notkun á einnota umbúðum, sama úr hvaða efni þær eru. Skaðsemi plasts sem kemst út í umhverfið okkar er vel þekkt og er hnattrænt vandamál sem allar þjóðir þurfa í sameiningu að vinna að og það sem fyrst. Einnota umbúðir úr pappír eða lífrænum efnum eru ekki eins skaðlegar lífríkinu en umhverfisáhrif vegna framleiðslu og flutnings á slíkum efnum er umtalsverður og ekki til bóta að skipta einni einnota notkun út fyrir aðra.

Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri að almennt styður stofnunin tillögu af þessu tagi og lýsir vilja sínum við að vinna frekar að þessum málum sé þess óskað.

Virðingarfyllst

Hólmfríður Þorsteinsdóttir
sérfræðingur

Gunnlaug H. Einarssdóttir
sviðssjóri